


| | | |
|-------------------|---|---|
| Nr.: GAT-045 | Verkmenntaskólinn á Akureyri |  |
| Útgáfa: 10 | | |
| Dags.: 23.02.2016 | Félagssálfræði (SÁLF3FR05) Námsáætlun (Vorönn, 2019) | |
| Höfundur: AMJ | | |
| Samþykkt: SHJ | | |
| Síða 1 af 3 | | |

| | | | |
|----------------|----------------------|---------------|-----|
| Kennari | Kristjana Pálsdóttir | Sk.st. | KPÁ |
|----------------|----------------------|---------------|-----|

Áfangalýsing:

Fjallað er um félagssálfræði og helstu viðfangsefni hennar, m.a. staðalmyndir, fordóma, viðhorf, aðdráttarafi o.fl. Jafnframt er fjallað um áhrif félagslegs umhverfis á hegðun, t.d. á hegðun stórra hópa, hjálpssemi og hlýðni við yfirvöld. Auk umfjöllunar um viðfangsefni félagssálfræði er fjallað um persónuleikasálfræði og það sem helst er vitað um einstaklingsmun. Áhersla er lögð á þjálfun vinnubragða hvað varðar sálfræðilegar rannsóknir og að nemendur geti sett niðurstöður rannsókna fram með skipulegum hætti í rannsóknarskýrslu.

Markmið:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- helstu hugtökum og kenningum sálfræði sem tengjast einstaklingsmun og persónueinkennum
- mótun og breytingu viðhorfa
- staðalmyndum og fordómum
- áhrifum félagslegra aðstæðna á hegðun, s.s. hjálpssemi og hlýðni
- framkvæmd sálfræðilegra rannsókna og skipulegri framsetningu niðurstaðna

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:


- beita skapandi hugsun við lausnamiðað nám
- vinna úr niðurstöðum sem aflað er með rannsókn
- setja niðurstöður tilrauna og rannsókna fram með skipulegum hætti í skýrslu

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- afla upplýsinga, leggja mat á þær, greina og setja í samhengi
- nýta fræðilegan texta á íslensku og á erlendu tungumáli
- afla gagna með því að framkvæma rannsókn
- skipuleggja og framkvæma rannsóknir
- setja niðurstöður rannsókna fram með skýrum og skipulegum hætti


Námsgögn:

Efni frá kennara sem verður gert aðgengilegt á vef áfangans. Notast verður við Google Classroom í þessum áfanga, ásamt forritum sem nýtast við úrvinnslu gagna. Þá verða einkunnir nemendar einstökum efnispáttum skráðar á Innunni.

| | | |
|-------------------|---|---|
| Nr.: GAT-045 | Verkmenntaskólinn á Akureyri |  |
| Útgáfa: 10 | | |
| Dags.: 23.02.2016 | Félagssálfræði (SÁLF3FR05) Námsáætlun (Vorönn, 2019) | |
| Höfundur: AMJ | | |
| Samþykkt: SHJ | | |
| Síða 2 af 3 | | |

Áætlun um yfirferð:

| Lota | Vikur | Umfjöllunarefni | Skiladagar verkefna |
|------|-------|---|---|
| 1 | 2-5 | Kynning á áfanga Félagshugsun (e. social thinking): - Að móta hughrif - Sjálfið - Ástæður hegðunar - Viðhorf og viðhorfsbreytingar | 1.febrúar: Verkefnamappa fyrstu lotu |
| 2 | 6-7 | Félagsleg áhrif og hóphegðun - Áhrif nærveru annara - Hlýðni - Félagsleg áhrif og hegðun innan hópa | 15. febrúar: Verkefnamappa annarar lotu |
| | 8 | Þemavika: hvernig getum við minnkað loftslagbreytingar með félagssálfræði? | 24.febrúar: Skila þemaverkefni |
| 3 | 9-11 | Hópar: - hegðun innan hópa - hóphugsun - samskipti hópa - fordómar og mismunun | 1.mars: Skila rannsóknaráætlun 15. mars: Skila verkefnamöppu þriðju lotu |
| 4 | 12-13 | Neysluhegðun: - Ákvarðanatataka - Efnishyggja og hamingja - Áhrif neyslusamfélagsins á einstaklinga | 29.mars: Skila verkefnamöppu fjórðu lotu |
| 5 | 14-15 | Samskipti einstaklinga - Hrifning - Félagsvæn hegðun - Góðmennska - Ýgi | 12. apríl: Skila verkefnamöppu 5. lotu |
| 6 | 17-18 | Sjálfsmyndin og styrkleikar - persónuleikasálfræði | 3. maí: Skila verkefnamöppu 6. lotu |
| | 19 | Undirbúningur og upprifjun fyrir próf | 9.maí: Lokaskil rannsóknarskýrslu |

| | | |
|-------------------|---|---|
| Nr.: GAT-045 | Verkmenntaskólinn á Akureyri |  |
| Útgáfa: 10 | | |
| Dags.: 23.02.2016 | Félagssálfræði (SÁLF3FR05) Námsáætlun (Vorönn, 2019) | |
| Höfundur: AMJ | | |
| Samþykkt: SHJ | | |
| Síða 3 af 3 | | |

Námsmat og vægi námsþátta:

| Matsform: | <input type="checkbox"/> Símat | <input checked="" type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf | <input type="checkbox"/> Lokaverkefni |
|---|--|---|---------------------------------------|
| Námsmatsþættir | Lýsing námsmatsþátta | Vægi | |
| Verkefnamappa | Öll vinna unnin í kennslustundum - nemandi safnar verkefnum saman í verkefnamöppu. Verkefnin eru af margvíslegum toga, krossapróf, praxisverkefni, hefbundnar spurningar, veggspjöld og margt fleira. Verkefnamappan skiptist í 6 hluta og gildir hver hluti 5%. | 30% | |
| Rannsókn | Vinna að undirbúningi, framkvæmd og úrvinnslu rannsóknar. Nemendur skila rannsóknaráætlun og rannsóknarskýrslu. Rannsóknaráætlun gildir 10% og rannsóknarskýrslan 20%. | 30% | |
| Lokapróf | Lokapróf úr öllu efni áfangans | 30% | |
| Þemaverkefni | Verkefni tengt þemaviku VMA | 10% | |
| | Samtals: | 100% | |
| Annað: Nemendur þurfa að fá 4 í lokaprófi til þess að vetrareinkuninn gildi. | | | |


Kennsluvefur Google Classroom ásamt Innu verða notuð til þess að halda utan um námsefni, einkunnir, markmið og annað slíkt. Kennsla verður að miklu leiti á rafrænu formi. Þó er æskilegt að nemendur lágmarki vafr á samfélagsmiðlum og öðru sem Internetið hefur upp á að bjóða í kennslustundum.

Rétt er að áréttu rannsóknir hafa sýnt (sjá t.d. Ward, Duke, Gneezy og Bos, 2017) að nálægð við snjalltæki hafa neikvæð áhrif á hugræna getu einstaklinga.

Nemendur bera sjálfir ábyrgð á námi sínu og leggur kennari áherslu á að þeir sýni sjálfstæði, ábyrgð, samviskusemi og sjálfstjórn þegar kemur að verkefnaskilum.

Áætlunin er birt með fyrirvara um breytingar.

Dagsetning: 7. janúar 2018


Undirritun kennara


Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils 7/1/19